# Málefni og bréf til bæjarverkfræðings 1908-1920

Aðfnr. 1679, örk 9

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

12.0
1910

Bréf

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

29. marz 1910

655

Á bæjarstjórnarfundi 23. þ.m. breytti bæjarstjórnin 3. lið i tillögum byggingarnefndarinnar á fundi hennar 12. þ.m. á þá leið, að suðurtakmörk lóðar þeirrar, er selja á Helga steinsmið Jónssyni við Laugaveg norðanverðan skyldu ákveðin 20 álnir frá norðurbrún Laugavegar, i stað þess að byggingarnefndin hafði lagt til, að hún yrði 10 álnir frá veginum..-

Jafnframt því að tilkynna yður þetta er hjer með lagt fyrir yður að mæla út lóðina handa Helga, og get jeg þess um leið, að Helgi ætlar að fara fram á, að lóðin ekki þurfi að vera meira en 25 álnir á breidd, og óskast sjerstaklega álits yðar um, hvort nokkuð sje því til fyrirstöðu, að það verði veitt.-

Páll Einarsson.

Til Bæjarverkfræðingsins.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

~~IX~~

12. o
---
1912

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Nedantaldar lóðir er bráð nauðsynlegt að mæla, svo að mögulegt sé að innkeimtu gjaldið og fullgera lóðargjaldaskrána.

---

| | | | |
|---|---|---|---|
| √ | Grundarstíg | 5. | Árni Gíslason póstur |
| √ | — | 5 B. | Ólafur Þórðarson ökumaður |
| √ | — | 3? | Ólafur Árnason kaupm. |
| √ | — | 15. | Guðm. Magnússon skáld |
| √ | Hafnarstræti | 17. | Mory & Co Boulogne |
| √ | — | 19. | Sigurjón Sigurðsson trésm. |
| √ | — | 21 | sami |
| √ | — | 18-20 | D. Thomsen |
| √ | — | 22 | Sveinn Björnsson yfirdómslögmaður |
| √ | Kolasund | 1 | Björn Guðmundsson o.fl. ? |
| √ | Hverfisgata | 2. | Guðm. Hannesson prófessor |
| √ | — | 3 C | Ámundi Árnason kaupm. |
| √ | — | | Gasstöðin |
| √ | Lindargata | 20 a | Páll Ísaksson ökum. |
| √ | — | 22 | Jónatan Þorsteinsson kaupm. |
| √ | — | 20 B. | Björn Bogason bókbindari |
| √ | — | 20 C. | Sigríður Hansdóttir ekkja. |
| √ | Tjarnargata | 36-38? | Hjálmtýr Sigurðsson kaupmaður. |
| √ | — | 34? | Sigfús Bjarnason Consull ? |
| √ | Hverfisgata? | Eskumýri? | Sveinn Jónsson kaupmaður. |

Þessar 3 síðust töldu lóðir hafa aldrei verið á lóðargjaldaskrá en eru þó til og þær allar stórar.

Við Tjarnarg. munu vera úr erfðafestulandi Tryggva Gunnarssonar og Guðm. Egilssonar. ~~Eru~~ og liggja á milli Ráðherrahússins og Krabbe, en hvort hvera Hjálmtýr á þær báðar eða hvort þær eru eign hans og Sigf. Bjarnason Consuls; það er atriði sem þarf að rannsaka ásamt stærð þeirra.

Um legu lóðar Sveins Jónssonar veit eg ekki með vissu. Hann keypti hana af bónum; mig minnir 1907 og mun stærð hennar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hafa verið 5-6 þúsund ferálnir.

Ég vona að þér, herra borgarstjóri, hlutist til um að rannsókn og mæling á þessum umræddu lóðum og húseignum fari fram einhvern allra næstu daga, svo unt sé að koma lóðargjaldaskrá bæjarins í lag að því er þessar eignir snertir.

Virðingarfyllst.

Reykjavík 10. des. 1912

Borgþór Jósefsson

Til

borgarstjóra Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

12.0
1913 Bréf

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíku

3. jan. 1913.

340.

Jeg sendi yður hjer með,herra bæjarverkfræðingur, eptirritt af fundargjörð ~~bæjarstjórnarstjórnarinn~~ byggingarnefndarinnar 28.f.m.,er bæjarstjórnin hefur samþykkt.Sjerstaklega bið jeg yður að leggja fyrir bygg-ingarnefndina næst útmælingu á hæfilega stórri byggingarlóð handa Kristjáni Guðmundssyni Vesturgötu 48,þar sem hann biður um,og sendi jeg umsókn hans þar um einnig hjer með.-

Einnig sendi jeg yður hjer með til athugunar og út-mælingar umsókn Ásmundar Einarssonar um að fá byggingarlóð í Stóra- Selstúni,til þess að þjer einnig afgreiðið hana á sama hátt til næsta byggingarnefndarfundar.-

Páll Einarsson

Til Bæjarverkfræðings Reykjavíkur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

18. april 1913.-

766

Byggingarnefndin hafði sett það sem skilyrði fyrir því að Eyjjólfi Gislasyni snikkara yrði leyft að byggja hús það,er hann hefur sótt um á lóðinni Vesturgötu 23,að húsið stæði 5 álnir frá stignum,er liggur upp að svonefndu doktorshúsi,og var þetta byggt á því,að bærinn kæmi til að eignast sem lóð grunninn undian stignum þegar hann verður lagður niður en það verður þegar Ægisgata verður byggð..Nú hefur Eyjólfur skrifað bæjarstjórninni og beðið um að þetta skilyrði verði fellt burt og honum leyft að setja húsið út við veginn.Hefur hann á sinum tima boðist til að kaupa lóðina fyrir ákveðið verð, og bæjarstjórnin visað þessu erindi til byggingarnefndarinnar til úrslita.Þetta erindi Eyjólfs sendi jeg yður hjer með og bið yður að mæla hve stór lóð þessi verður og búa til lauslegan uppdrátt af henni.En þar sem Eyjólfi er það áriðandi að fá þetta gjört sem fyrst vænti jeg að fá skýrslu yðar um þetta sem allra fyrst.-

Páll Einarsson

Til Bæjarverkfræðings Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur